



8. maí 2023
Tilv.: 2304059

Dreifibréf nr.: 21/2023
til váttryggingafélaga

Efni: Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga hafa verið felld úr gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, skulu ársreikningar gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og vera samdir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að þær upplýsingar sem ekki eru staðlaðar í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum séu settar fram á samræmdan hátt, sbr. 3. sömu greinar.

Á grundvelli framangreinds ákvæðis gaf fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga. Tilgangur tilmælanna var að skýra hugtakanotkun og framsetningu lykilstærða og stuðla þannig að auknu gagnsæi og samræmi á efni og framsetningu fjárhagsupplýsinga váttryggingafélaga.

Þann 1. janúar sl. tók gildi nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS-staðal 17 *váttryggingarsamningar*,¹ sem leysti af hólmi eldri reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 4, *váttryggingasamningar*. Innleiðing staðalsins mun leiða til breytinga á framsetningu á bæði rekstrar- og efnahagsreikningi og breytinga á hugtakanotkun, auk þess sem gerðar eru ríkari skýringarkröfur en áður.

Með hliðsjón af framangreindu telur fjármálaeftirlitið ekki grundvöll fyrir tilmælunum að óbreyttu og hefur því ákveðið að fella þau úr gildi. Fjármálaeftirlitið mun í samræmi við hlutverk sitt taka til skoðunar hverju sinni hvort tilefni sé fyrir samræmingu á upplýsingum í ársreikningum svo sem í kjölfar innleiðingar IFRS-staðal 17 í reikningsskilum váttryggingafélaga.

¹ Staðallinn er innleiddur í reglugerð (ESB) [2021/2036](#) sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn og kemur til með að verða innleidd í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Gunnar Ingólfsson
sérfræðingur
varúðareftirlit

